



Tilkynning um vélarskipti

Vélarskipti flokkast sem meiriháttar breytingar. Lesa má um ítarlegt ferli vegna breytinga inn á síðunni: [Breytingar á skipum og bátum | Ísland.is \(island.is\)](https://eydublod.samgongustofa.is/20635888934085683785)

Sé fyrirhugað að skipta um aðalvél í skipi skal útgerð:

- a. Senda Samgöngustofu rafræna beiðni um yfirferð á og samþykkt smíðalýsinga, teikninga og annarra gagna. Sjá RAF-0036, <https://eydublod.samgongustofa.is/20635888934085683785>
- b. Senda skal Samgöngustofu upplýsingar um eftirfarandi, eftir því sem við á:
 - a. Fullnægjandi upplýsingar um þá nýju aðalvél sem fyrirhugað er að setja í skipið. Þar sem fram kemur:
 - Tegund
 - Gerð
 - Árgerð
 - Framleiðslunúmer
 - Afl við stöðugt álag
 - Mengunarvarnarskírteini, EIAPP (Engine international air pollution prevention certificate), fyrir vélar yfir 130 kW.
 - b. Teikningar sem sýna eftirfarandi:
 - Breytingar á vélarundirstöðu og frágang á festingu vélar við undirstöður
 - Breytingar sem gerðar hafa verið á skrúfugír skipsins
 - Breytingar sem gerðar hafa verið á skipsskrúfu skipsins, öxli og skrúfubúnaði
 - Breytingar sem gerðar hafa verið á útblásturslögnum
 - Breytingar sem gerðar hafa verið á kælivatnslögnum, eldneystönkum og eldsneystislögnum, smurolíulögnum eftir því sem við á.
 - Breytingar á ræsikerfi aðalvélar
 - c. Upplýsingar um þyngdarbreytingar í formi breytinga á eiginþyngd vélar og áhrif breytinganna á þyngdarpunkts skips og stöðugleika.
 - d. Áhrif breytinganna á burðargetu skipsins.

Ef um er að ræða vélaskipti þar sem nýja aðalvélin er sömu gerðar og eldri aðalvél og skráð vélarafli er hið sama og vélarafli eldri vélarinnar og ekki aðrar breytingar gerðar skal útgerð skips senda inn rafræna beiðni samkvæmt a) lið hér að ofan, og upplýsingar samkvæmt lið b) þar sem tiltekið er sérstaklega að ekki hafi verið gerðar aðrar breytingar samtímis breytingu á aðalvél sem um getur í b) lið.



Tilkynning um vélarskipti

Við breytingu á aðalvél þarf að breyta skráningu skips ásamt því að gefa út nýtt mælibréf og þjóðernisskírteini fyrir skip stærra en 15 m. Fyrir báta undir 15 m þarf að gefa út nýtt mælibréf og skrásetningarskírteini.